

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar 2018

Fundurinn verður haldinn á Grenivík fimmtudaginn 21. Júní kl. 16:00.

Fundurinn er haldinn í litla sal í Grenivíkurskóla

Dagskrá er samkvæmt samþykktum félagsins:

- Skýrslu stjórnar
- Ársreikninga
- Umræðu um skýrslu stjórnar og afgreiðslu ársreikninga
- Breytingar á samþykktum, tillögur til lagabreytinga ásamt skýringum skulu sendar út þrem vikum fyrir aðalfund til aðildarfélaga, jafnframt skal þeirra getið í útsendri dagskrá.
- Skipun stjórnar
- Fjárhæð rekstrarframlags aðildarsveitarfélaganna til AFE per íbúa skv. íbúaskrá 1. desember árið á undan.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar
- Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu
- Önnur mál

Vinsamlega staðfestið komu til: simmi@afe.is

Við viljum bera upp á fundinum minni háttar tillögu um breytingar á samþykktum félagsins.

Það er breyting á 4. gr. og 9. gr. samþykktanna

Við viljum breyta í 4. gr. : **Miða skal við íbúafjölda 1. desember árið á undan. Setning hljóði breytt: **Miða skal við íbúafjölda 1. janúar á almanaksári sem hafið er.****

Þá breytist 9. gr. : Fjárhæð rekstrarframlags aðildarsveitarfélaganna til AFE per íbúa **skv. íbúaskrá 1. desember árið á undan. Setningin hljóði breytt: **Fjárhæð rekstrarframlags aðildarsveitarfélaganna til AFE per íbúa skv. íbúafjölda 1. janúar á almanaksári sem hafið er.****

4. og 9. Grein samþykkt AFE

4. gr

Fjármál AFE

Rekstrarárið er almanaksárið. Fjárhags- og starfsáætlun félagsins skal gerð eigi síðar en í lok þriðja ársfjórðungs fyrir komandi starfsár og lögð fyrir stjórn til samþykktar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórn.

Sveitarfélög sem aðild eiga að AFE skulu greiða rekstrarframlög miðað við íbúafjölda. **Miða skal við íbúafjölda 1. desember árið á undan.** Verður: **Miða skal við íbúafjölda 1. janúar á almanaksári sem hafið er.** Framlög skulu taka mið af breytingum á launavísitölu frá 1. janúar á almanaksári sem hafið er.

Rekstrarframlagið skal standa undir rekstri félagsins og þeim verkefnum sem stjórn þess ákveður. Rekstrarframlagið skal ákvarðast á ársfundi og skal stjórn félagsins gera tillögur að breytingum á því. Taki Stjórn félagsins að sér verkefni frá öðrum stofnunum eða félögum skal viðkomandi aðili greiða allan kostnað þeim samfara.

Aðrar tekjur eru lögboðin framlög ríkis og sveitarfélaga til einstakra verkefna sem heyra undir félagið, framlög ríkis, sveitarfélaga eða annarra skv. samningum, tekjur af eignum, styrkir vegna þátttöku í verkefnum og sala á þjónustu.

Stjórn skal setja félaginu verklagsreglur um fjárreiður, meðferða fjármuna og rekstrarfyrirkomulags.

9. gr.

Aðalfundur, reikningar og endurskoðun þeirra

Hvert sveitarfélag sem aðild á að félaginu tilnefnir einn fulltrúa til að fara með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi þess. Að öðru leyti er aðalfundur að jafnaði opinn öllum. Aðalfundur skal að jafnaði halda í síðasta lagi í lok maí.

Fundur telst löglegur ef hann er boðaður með sannalegum hætti með minnst 4 vikna fyrirvara.

Ársreikning fyrir næstliðið ár skal leggja fram á aðalfundi og bera upp til samþykktar. Reikningarnir skulu vera endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórnin ræður.

Á dagskrá aðalfundar skal taka fyrir í eftirfarandi röð:

Skýrslu stjórnar

Ársreikninga

Umræðu um skýrslu stjórnar og afgreiðslu ársreikninga

Breytingar á samþykktum, tillögur til lagabreytinga ásamt skýringum skulu sendar út þrem vikum fyrir aðalfund til aðildarfélaga, jafnframt skal þeirra getið í útsendri dagskrá.

Skipun stjórnar

Fjárhæð rekstrarframlags aðildarsveitarfélaganna til AFE per íbúa **skv. íbúaskrá 1. desember árið á undan.** Verður: **Fjárhæð rekstrarframlags aðildarsveitarfélaganna til AFE per íbúa skv. íbúafjölda 1. janúar á almanaksári sem hafið er.**

Ákvörðun um þóknun stjórnar